

**Alþingi****Erindi nr. P 130/1214**

Hnjóti 1. mars 2004

**Nefndarsvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík****komudagur 3. 3. 2004****Efni: Umsögn um þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008**

Fyrir mistök þá barst erindi umhverfisnefndar ekki rétta boðleið til samtakanna og er því óskað að umhverfisnefnd taki tillit þess hversu seint erindið berst.

Ferðamálasamtök Vestfjarða fagna áformum um friðlýsingu Látrabjargs-Rauðasands og vona að sátt náist þar um. Friðlýsing sem sátt er um getur orðið fyrsta skrefið í að gera svæðið sem um ræðir að þjóðgarði í þeim tilgangi að vernda náttúruna og styrkja byggðina.

Samtökin vilja hins vegar vekja athygli á því að þetta svæði er mikilvæg byggð manna með fjölbreyttri starfsemi. Þar býr dugandi fólk með margvísleg áform um áframhald búsetu sinnar og framtíðar möguleika. Einnig er á svæðinu vaxandi sumarbyggð fólks sem hefur sterkar rætur og taugar til svæðisins og er mjög áfram um hag þess. Allar áætlanir sem torvelða fólki áframhaldandi búsetu og uppbyggingu á svæðinu eru af hinu slæma, en vönduð náttúruverndaráætlun sem miðar að háþróun á möguleikum fólks til búsetu á sjálfbærari hátt eru af hinu góða og geta orðið, ef vel tekst til, mjög til framdráttar byggðinni.

Ferðamálasamtökin vilja vekja athygli á þessari fjölbreyttu landnotkun manna á svæðinu og möguleikum á eflingu byggðar. Í tillögu að þingsályktun, þingskjali 716, kemur þessi fjölbreytni alls ekki nægjanlega skýrt fram, þar segir eingöngu að „Landbúnaður er minni en áður og byggð dreifðari. Rekin hefur verið ferðaþjónusta í Breiðvík yfir sumartímann en svæðið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sérstaklega vegna þess hversu aðgengilegt bjargið er. Nokkur eggjataka hefur verið stunduð í bjarginu og fiskveiðar með ströndinni“.

Ef ekki kemur annað til getur þessi umsögn um landnýtingu verið villandi, því er nauðsynlegt að vekja athygli á fjölbreytni og grósku innan svæðisins í atvinnu- og búsetumálum. Má þar t.d. benda á að á Rauðasandi er unnið að byggingu gripahúss og bændur hafa gert árangursríkar tilraunir með kornrækt á Sandinum. Jafnframt er þar vaxandi sumarbyggð, auk þess sem Rauðisandur er mikilvægur ferðamannaþjónusta sem kallar á úrbætur til að taka við vaxandi ferðamannastraumi.

Fyrir utan ferðaþjónustu í Breiðvík er jafnframt rekin mikilvæg ferðaþjónusta í Hænuvík. Fleiri aðilar með lögheimili á svæðinu eru að hefja rekstur í ferðaþjónustu. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti, sem er byggðasafn héraðsins, er mikilvæg miðstöð ferðamanna á svæðinu. Er ástæða til að benda á drög að stefnu safnsins þar sem m.a. er lagt til að gera söguna sýnilegri í umhverfinu og að útskýra náttúruna á staðnum. Á Hnjóti er jafnframt flugminjasafn sem er einstætt í sinni röð. Verður ekki annað sagt en bundnar séu miklar vonir við áframhaldandi þróun ferðaþjónustu á svæðinu og að hún verði þar ein af mikilvægustu stöðum búsetu.

Nauðsynlegt er að benda á sumarbyggðir á Hvallátrum, Rauðasandi og í Örlygshöfn. Allt útlit er fyrir því að öflugar sumarbyggðir muni vaxa á fleiri stöðum, með þyrpingu sumarhúsa og heilsársbústaða. Það yrði óheillaspor ef áform um friðland truflaði þessa uppbyggingu.

Af öðrum þáttum má nefna að mikilvægt malarnám fer fram á svæðinu, þarna hefur verktaki bækistöðvar sínar, einn af fáum í Vestur Barðastrandarsýslu sem getur tekið að sér stórar jarðvegsframkvæmdir. Á svæðinu er ýmsir ónýttir möguleikar til fiskeldis, virkjunar og annarrar starfsemi sem ekki verður séð fyrir á þessari stundu. Ekki síður er mikilvægt að benda á nýtingu hlunninda á svæðinu frá fornu fari. Sumt er enn stundað en annað aflagt. Friðlýsing verður að taka tillit þessara gæða, eins og fugla- og eggjatekju, selveiða, refaveiða að vetri vegna gráfellds og dúntekju svo eitthvað sé nefnd.


Ferðamálasamtök Vestfjarða vilja vekja athygli á að það er einmitt vegna þessara þátta sem svæðið er mjög áhugaverður ferðamannastaður. Svæðið hefur yfir sér yfirbragð óbyggða eins og Hornstrandir og miðhálandið, en á sama tíma skapar nálægðin við byggð mikið öryggi fyrir ferðamenn og gerir þetta ægífagra víðerni aðgengilegt fyrir alla. Ekki síður er spennandi kostur að kynna fyrir ferðamönnum á hvern hátt náttúran var nýtt hér áður fyrir á sjálfbæran hátt með veiðum og annarri nýtingu hlunninda.

Eins og áður sagði þá fagna Ferðamálasamtök Vestfjarða áhuga umhverfisyrivalda að vinna að friðlýsingu Látrabjargs-Rauðasands í einni heild. En jafnframt vilja samtökin vekja athygli á að þetta er mikil áskorun að takast á við. Ekki einasta þarf að taka tillit til náttúrunnar heldur einnig til hagsmuna mannvistarinnar. Ef vel tekst til og ávallt sé haft að leiðarljósi hvernig þessir tveir þættir spila saman, maður og náttúra, verður ekki annað séð en að hér sé ýtt úr vör merkri tilraun í umhverfis- og byggðarmálum.

Ferðamálasamtökin telja mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti að innan væntanlegs friðlands Látrabjargs-Rauðsands er fjölbætt búseta manna, þar sem fram fer fjölbreytt starfsemi með mikla framtíðarmöguleika. Friðlýsingin má ekki rýra möguleika manna að nýta sér þetta svæði á skapandi og sjálfbæran hátt svo byggð beri skaða af.

Ef tillit er tekið til ofangreindra atriða um búsetu manna, þá getur friðlýsing, sem sátt er um, orðið mikilvægur áfangi að því langtímamarkmiði að svæðið verði skilgreint sem þjóðgarður, enda verður ekki annað séð en það myndi styrkja byggð enn frekar.

Virðingarfyllst



Jóhann Ásmundsson,  
formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða.